

Aðalfundur Félags starfsmanna stjórnarráðsins 22. maí 2019.

Rúmlega 20 manns mættir. Kristín Sigfúsdóttir verður fundarstjóri og Anna Rósa Gestsdóttir fundarritari.

Pórveig Þormóðdóttir kynnir skýrslu stjórnar: Starfsemi með hefðbundnum hætti. Félagsmenn eru um 210. Iðgjald til félags er 0,8% af dagvinnulaunum. Engin yfirbygging er hjá félaginu. BSRB hvetur til sameiningar minni félaga. SFR og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar nýlega sameinuð. Mögulega fer okkar félag sömu leið þar sem það á að leiða til betri þjónustu við félagsmenn. Starfsmenntunarsjóður hefur þegar verið sameinaður við SFR. Jólaballið var haldið í Valsheimilinu. Vorkaffi fyrir eldri félagsmenn haldið einu sinni á ári í samstarfi við FHSS á Grand hótél, mæting í kringum 80 manns.

Sumarhús: Flatey var í útleigu í sumar og var m.a. leigt út til kvikmyndagerðarfólks. Hrísholt, þar stendur til viðgerð á þakkanti um næstu helgi. Allt í ágætis standi í Munaðarnesi. Þar á þó eftir að smíða skúr á pallinn og viðbót við skjólvegg við pottinn. Nýtt lok sett á heita pottinn. Akureyri, þar þarf að fara í framkvæmdir á gluggum. Vangaveltur hafa verið um að selja húsið, kaupa eitthvað annað í staðinn, t.d. íbúð í blokk, annað raðhús eða sumarhús í Hlíðarfjalli. Sumarhús í Hlíðarfjalli kynnt fyrir fundargestum með auglýsingamyndbandi. Stefnt á að gera könnun í haust á hug félagsmanna til breytinga á Akureyri. Orlofskostir fyrir sumarið, veiðikort og gjafakort frá Icelandair, hótelmiðar ekki í boði.

Kjarasamningar eru lausir en ekki er enn farið að ræða við okkar félag. Stærsta mál hjá BSRB fyrir þessa samninga er stytting vinnuvikunnar.

Farið yfir starfsmenntunarsjóðinn, fasteignafélagið Bjarg sem er á vegum BSRB og ASÍ rætt, það er komið að því að fólk flytji inn í fyrstu

íbúðir félagsins. Minnt á styrktarsjóð BSRB, Starfsmennt og Virk starfsendurhæfingu.

Guðbrandur Jónsson kynnir ársreikning. Spurt er um hvers vegna engar afskriftir eru af sumarhúsum. Það er ekki gert þar sem þau hafa þegar verið afskrifuð svo mikið. Spurt um hvað verið er að borga fyrir umsjón húsanna. Reikningar samþykktir.

Umræða um Akureyri, hvers virði er Langahlíðin og hvað gætum við fengið í staðinn. Umræða um Flatey og hvað þarf að gera þar í sambandi við endurbætur. Bent á að sniðugt gæti verið að gera könnun á hug félagsmanna um Flatey, samhliða könnun um hvað gera eigi á Akureyri.

Engar lagabreytingartillögur. Félagsgjöld verða óbreytt. Kosning stjórnar og endurskoðenda. Tillaga lögð fram að óbreyttri stjórn. Samþykkt að stjórn verði óbreytt. Þórveig Þormóðsdóttir formaður, Margrét Sigurðardóttir varaformaður. Aðrir í stjórn: Guðbrandur Jónsson, Anna Rósa Gestsdóttir, Sigríður Lúðvíksdóttir, Jóna Gróa Valdimarsdóttir, Kristín Sigfúsdóttir og Halla Guðmundsdóttir.

Önnur mál: Lögð fram tillaga um að stjórn kanni hvort og hvað er hægt að gera við Flatey. Sumum félagsmönnum þykir húsið í Flatey vera algjör fjársjóður. Bent á að hentugra geti verið að eiga hús t.d. í Stykkishólmi. Upplifun fólks er sú að ekki sé hugsað nógu vel um húsið í Flatey og það sem í því er. Farið er í húsið á hverju vori af eldri hjónum sem hafa séð um það í mörg ár. Bent á að einnig megi skoða hús í miðbæ Akureyrar. Bent er á lélegt grill í Hrísholti og óhentugt aðgengi fyrir grill í útiskúrnum. Kaupa þarf nýtt grill í Hrísholt.

Fleira ekki rætt og formlegum fundi slitið.